

Fundargerð

Aðalfundur Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík, haldinn 12. október 2016, kl. 20:00 í hátíðarsal skólans.

Samkvæmt reglum félagsins skal halda aðalfund árlega 1.-31. október. Til hans skal boða bréflega með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Fundarmenn voru sammála um að rafróstur jafngilti bréfpósti og taldist fundurinn því löglegur. Samkvæmt dagskrá voru fundarstjóri (Sæmundur E. Þorsteinsson) og fundarritari (Kristín Halldórsdóttir) kosnir.

Fundarstjóri bað formann að stíga í pontu og gera grein fyrir **ársskýrslu** stjórnar og gera grein fyrir störfum hennar og starfsemi félagsins. Fjallað var um tilgang og markmið foreldrafélagsins (**sjá samþykktir**) og um störf síðasta vetrar. Þau fólust m.a. í fundum með nýnemum og foreldrum, fræðslufundi sl. haust og aðgerða vegna styttingu náms í framhaldsskólum landsins- en skólinn og foreldrafélagið höfði lýst sig andsnúin þeim ráðahag. Því tengdu fóru nokkrir stjórnarmeðlimir á fund borgarstjóra Reykjavíkur til að ræða hvort vilji væri hjá borginni að liðka fyrir því að MR tæki við 9. bekkjum grunnskóla inn í þriðja bekk MR. Hugmyndin er sú að nemendur taki 10. bekk og 3. bekk saman sem undirbúning fyrir 3 ára framhaldssóla og séu þá betur undirbúnir. Sá fundur skilaði árangri, þ.e.s. borgarstjóri tók vel í hugmyndir MR en þegar til kom reyndist enginn vilji hjá menntamálaráðherra að leita neinna lausna. Voru það mikil vonbrigði þar sem okkur hafði skilist á fundinum með menntamálaráðherra að þar stæði hnifurinn í kúnni.

Foreldrafélagið leggur áherslu á að fylgja þessu máli eftir og að gefa þurfi gaum að árangri og brottfalli í tengslum við þessa miklu breytingu á menntakerfinu.

Formaður talaði þar næst um skipulag ferða útskriftarnema (fimmtu bekkjanga), styrki úr sjóði félagsins, veisluhöld í tengslum við skólaböll og gæslu þeim tengdum.

Fundarstjóri sté þar næst í pontu og bar upp **reikninga félagsins**. Innistæða hans er nú 699.241 kr, en foreldrafélagið styrkti á þessu ári fjóra nemendur sem tóku þátt í Ólympíukeppni í líffræði og lagði til fé fyrir hjartastuðtæki í skólann ásamt stólum í eina stofu Gamla skóla.

Félagsgjald er nú 3000 kr. og er valkvætt. Borin var upp sú tillaga frá formanni að hækka gjaldið upp í 4000kr. Var það samþykkt.

Næst var gengið til kosninga á nýjum formanni og stjórnarmeðlimum. María Soffía Gottfreðsdóttir var einróma samþykkt sem nýr formaður og nýjir í stjórn eru Gylfi Magnússon, Kristín Ólafsdóttir, Þórður Helgason og Sigrún Kristjánsdóttir. Úr stjórn fara Sæmundur E. Þorsteinsson, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Kristín Sigurðardóttir, formaður. Þeim voru þökkuð góð störf.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundið því slitið.

Kristín Halldórsdóttir, ritari